

Múlaþing
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Garðabær, 8. ágúst 2025
202507-0026/A.B.
08.02

Efni: Umsögn – Breyting á deiliskipulagi - Egilsstaðaflugvöllur, aðflugsljós - Múlaþing.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Fljótshéraðs vegna deiliskipulagsbreytingar fyrir aðflugsljós norðan við flugbrautarenda Egilsstaðaflugvallar, sem barst Náttúruverndarstofnun til umsagnar 7. júlí sl. Breytingin felur í sér stækkun skipulagssvæðis um 3,4 ha og uppsetningu aðflugsljósa og búnaðar sem krefst jarðvegsfyllingar á um 0,5 ha svæði.

Samantekt

- Skipulagssvæðið liggur á Finnstaðanesi, sem nýtur verndar samkvæmt náttúruminjaskrá.
- Framkvæmdin raskar um 0,5 ha gróðurlendis, þar af votlendi samkvæmt vettvangsgögnum.
- Um er að ræða vistgerðir með hátt verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum.
- Framkvæmdin hefur áhrif á ásýnd landslags og lýsingu á fuglasvæði.
- Náttúruverndarstofnun telur þörf á frekari mótvægisaðgerðum og vöktun.

Gróður og vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu sé mólendi og votlendi, með forblautum flóum og runnamýrum. Samkvæmt umsögn Náttúrufræðistofnunar er útbreiðsla votlendis meiri en skráð er á vistgerðakortum, og um er að ræða samfelld votlendi með vistgerðum sem falla undir verndarskuldbindingar Íslands samkvæmt Bernarsamningnum. Náttúruverndarstofnun bendir á að slíkar vistgerðir njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og mikilvægt sé að forðast röskun þeirra. Stofnunin telur ekki liggja fyrir nægjanlega greinargott mat á umfangi og gæðum votlendisins sem raskast. Auk þess tekur stofnunin undir að áhrif á vistgerðir eru neikvæðar.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé mikilvægt fyrir fuglalíf, sérstaklega á vorin og á varptíma. Svæðið er talið eitt af fuglaríkustu svæðum Héraðs, og hávella er meðal þeirra tegunda sem þar eru algengar. Náttúruverndarstofnun bendir á að Ísland ber alþjóðlega verndarskyldu gagnvart hávellu sem ábyrgðartegund. Þó að fram komi að ljósmengun sé óveruleg, leggur stofnunin áherslu á að fyrirhugað mannvirki og lýsing geti haft áhrif á hegðun fugla, einkum í tengslum við varp og næturhvíld, og telur rétt að fjalla ítarlegar um hugsanlega truflun vegna ljósa og umferðar að búnaði. Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Náttúruverndarstofnun telur að tillagan geti haft neikvæð áhrif á fuglalíf.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð kemur fram að mannvirki verði sjáanleg í landslagi og hafi áhrif á ásýnd svæðisins. Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdin fer fram á opnu votlendi með takmarkaðri röskun fyrir, þar sem sjónræn áhrif eru áberandi. Í samræmi við 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber að huga sérstaklega að áhrifum framkvæmda á landslag og ásýnd náttúrunnar.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin fer fram á Finnstaðanesi, sem er á C-hluta náttúruminjaskrár.

Náttúruverndarstofnun tekur undir að tillagan hafi neikvæð áhrif á svæðið og mikilvægt sé að leita allra leiða til að raski ekki verndargildi svæðisins.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 2. tl. laga til bráðabirgða við náttúruverndarlög er mælt fyrir um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skal gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu en um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar, skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra minja hefur verið lokið. Þetta þýðir að eldri náttúruminjaskrá heldur gildi sínu en að réttaráhrif 37. gr. núgildandi náttúruverndarlaga gilda ekki.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 njóta votlendi stærri en 2 ha. sérstakrar verndar, en ekki liggja fyrir nákvæmar stærðarmælingar á samfellu votlendis á framkvæmdasvæðinu. Þar sem um er að ræða rökstudda vísbendingu um slíka vernd sbr. umsögn Náttúrufræðisstofnunar, ber að meta hvort svæðið falli undir verndarákvæði 61. gr., og ef svo er, skal framkvæmdarleyfisveitandi rökstyðja mat sitt og senda leyfi til stofnunarinnar sbr. ákvæði laganna.

Ályktun og tilmæli

Náttúruverndarstofnun leggur til eftirfarandi:

- Framkvæmdaraðili geri ítarlegra mat á gæðum og umfangi votlendis á framkvæmdasvæðinu.
- Lagt verði mat á það hvort votlendið falli undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga.
- Greinargerð verði uppfærð með skýrari rökstuðningi fyrir staðsetningu framkvæmdarinnar í ljósi verndargildis svæðisins.
- Við gerð deiliskipulags verði skilgreindar mótvægisáðgerðir og sett fram vöktunaráætlun sem tekur mið af áhrifum á fuglalíf og vistkerfi.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sigrún Valgarðsdóttir
sérfræðingur